

# Starfshættir



## 8.-10. bekkur

Fyrirkomulagi í 8.-10. bekk er þannig háttað að hverjum árgangi er kennt saman og á hvert fag sína stofu og nemendur fara á milli svæða samkvæmt stundatöflu. Tveggja til þriggja kennara teymi sjá um kennslu í hverri grein nema í dönsku þar sem er einn kennari. Skóladeginum er skipt í fimm 60 mínútna lotur með einum frímínútum og hádegishléi. Valgreinar eru kenndar í lok dags í 85 mínútur og er nemendum blandað saman þvert á árganga. Valfögin eru kennd í skólanum fyrir utan málm-smíði sem er kennd í Borgarholts-skóla.

Það er eðli skóla að reyna að bæta kennsluhætti og hefur Ingunnarskóli staðið sig vel hvað það varðar. Kennsla á unglíngastigi er frá því að vera hefðbundin innlögn og vinna í vinnubókum til stöðvavinnu þar sem nemendahópnum er skipt upp í

smærri hópa sem skipta um verkefni á 20 mínútna fresti.

Námsmat er mjög fjölbreytt og svokallað símat fer fram allan veturinn. Nemendur fá metin verkefni út frá hópaverkefnum, kynningum, framsögn, ritgerðum og hefðbundnum prófum svo allir ættu að geta fundið styrk sinn á einhverju sviði. Þetta kallar á mikla vinnu nemenda en skilar þeim miklum árangri og styrk fyrir framhaldsskólanám.

Rúsínan í pylsuendanum er lokaverkefni 10. bekkinga sem unnið er að í lok skólaársins en þá er stundataflan brotin upp og nemendur fá tvær vikur til að vinna í þriggja til fimm manna hópum að verkefni út frá ákveðnu þema sem vekur áhuga þeirra. Þar fá nemendur frjálssar hendur og tækifæri til að vinna með skapandi hætti að verkefnum og kynningum.

